

Joubert gegn Frakklandi

Dómur frá 23. júlí 2009

Mál nr. 30345/05

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Skattlagning. Afturvirkni laga.

1. Málsatvik

Kærendur, François Joubert og kona hans, Monique Joubert, eru franskir ríkisborgarar, fædd árin 1944 og 1949 og búsett í Saint-Romain-la-Virvée í Frakklandi.

Árið 1990 seldu kærendur öll hlutabréf sín í fyrirtækinu M til fyrirtækisins B. Við endurskoðun viðskiptareikninga síðarnefnda fyrirtækisins lagði skattrannsóknarstjóri viðbótarskatt á kærendur vegna ávinnings sem þau höfðu af sölu hlutabréfanna, þar sem ágóðinn hefði numið meira en fjórum milljónum franka. Jafnframt voru kærendur sektaðir og talið var þau hefðu ekki verið í góðri trú við söluna.

Í janúar 1995 kærðu kærendur þessa ákvörðun til skattyfirvalda og kröfðust þess að viðbótarskattur og sektir yrðu felldar niður en án árangurs. Í september sama ár áfrýjuðu þau niðurstöðunni til stjórnsýsludómstóls og héldu því fram að skattrannsóknarstjóri hefði farið út fyrir valdheimildir sínar við álagninguna.

Þann 31. desember 1996 voru fjárlög fyrir árið 1997 birt. Með 122. gr. laganna voru settar nýjar heimildir fyrir skattyfirvöld til að framkvæma tiltekna rannsóknaraðgerðir. Skattyfirvöld héldu því fram að þær heimildir ættu við um mál kærenda.

Í dómi sínum frá 8. júní 1999 taldi stjórnsýsludómstóllinn að ekki væri hægt að beita ákvæði 122. gr. fjárlaga fyrir árið 1997 með afturvirkum hætti í máli kærenda, þar sem ekki væri fullnægt skilyrðinu um að ákvæðið þjónaði almannahagsmunum, en það væri eini grundvöllur þess að beiting lagareglna með afturvirkum hætti gæti verið réttlætt. Dómstóllinn mælti því fyrir um að viðbótarskattlagningin og sektin yrðu dregin til baka á grundvelli þess að skattrannsóknarstjóri hefði ekki haft heimild að lögum til að rannsaka skattaleg málefni kærenda þar sem þau hefðu ekki verið hluthafar í fyrirtækinu B, sem verið var að rannsaka.

Báðir aðilar áfrýjuðu niðurstöðu málsins og þann 10. febrúar 2004 féll dómur áfrýjunardómstóls þar sem ákvæði 122. gr. laganna var beitt í máli kærenda og talið að skattrannsóknarstjóri hefði haft vald til að rannsaka skattaleg málefni þeirra, en að álagning sektarinnar hefði verið óréttmæt og væru kærendur því undanþegin greiðslu hennar.

Þann 9. júlí 2004 greiddu kærendur samtals 121.140 evrur vegna viðbótarskattlagningarinnar. Áfrýjun kærenda var hafnað í febrúar 2005.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að við meðferð málsins fyrir dómi hefði lagaákvæði verið beitt með afturvirkum hætti með þeim afleiðingum að niðurstaða málsins varð þeim í óhag. Með því hefði ríkið brotið gegn rétti þeirra samkvæmt 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að fyrir setningu fjárlaga fyrir árið 1997 og með hliðsjón af ákvörðun áfrýjunardómstóls og dómaframkvæmdar stjórnsýsludómstóla hefðu kærendur átt fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem teldust eign í skilningi ákvæðisins. Kærendur hefðu haft lögmætar væntingar til þess að geta fengið endurgreiðslu hinnar umdeildu fjárhæðar með því að vísa málinu til stjórnsýsludómstóls.

Við endanlega ákvörðun í máli kærenda hefði ákvæði 122. gr. fjárlaga fyrir árið 1997 leitt með afturvirkum hætti til eignaskerðingar. Ekki var ágreiningur milli aðila um að mælt hafði verið fyrir um takmörkun með lögum.

Hins vegar taldi dómstóllinn að umrædd beiting lagaákvæðisins hefði ekki verið talin þjóna almannahagsmunum. Dómstóllinn benti á að markmið ákvæðisins var að sögn franska ríkisins að koma í veg fyrir auknar málsóknir skattgreiðanda gegn ríkinu. Dómstóllinn tók fram að beiting fyrrnefnds ákvæðis hefði komið í veg fyrir að kærendur gætu borið fyrir sig að skattrannsóknaðstjóri hefði farið út fyrir valdsvið sitt. Hefðu kærendur því verið svipt eign sinni, sem þau hefðu getað búið við að fá endurgreidda. Dómstóllinn taldi því að með lögleiðingu ákvæðis 122. gr. fjárlaga hefði eignarréttur kæranda verið takmarkaður og að ekki hefði verið gætt sanngjarns jafnvægis af hálfu ríkisins. Þar sem ekki hefði verið gætt að verndun eignarréttinda þeirra var það einróma álit dómstólsins að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

Í samræmi við 41. gr. sáttmálans voru kærendum dæmdar 10.000 evrur í málskostnað.